

Nýir starfsmenn í Heiðarskóla



Stjórnendur í Heiðarskóla

Þær Ásta Katrín Helgadóttir og Sigurbjörg Róbertsdóttir verði ráðnar deildarstjórar, en Steinþóra Eir Hjaltadóttir gegndi því starfi á liðnum vetri. Þjóðum við allt nýtt starfsfólk velkomið til starfa

Frá síðasta skólaári hafa orðið nokkrar breytingar á starfsmannahaldi skólans. Alls eru nýir starfsmenn 16 talsins. Helst ber að geta Sóleyjar Höllu Þórhallsdóttur sem hefur verið ráðin aðstoðarskólalastjóri í stað Björns Víkings Skúlasonar. Þá hafa

Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk

Þann 16. og 17. október næstkomandi verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir í 4. og 7. bekk. Prófað verður í stærðfræði og íslensku. Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu.

Próftími dagana 16. og 17. október er sem hér segir:

Fimmtudagur 16. október - stærðfræði 9:30-12:10

Föstudagur 17. október - íslenska 9:30-12:10

Athygli er vakin á því að próftími er hafður rúmur. Talsverður munur er á þroska og getu barna sem reynt er að mæta með rúmunum próftíma. Með styttri próftíma væri einungis tekið tillit til þeirra sem best eru settir.

Auglýsing frá spkef



Margir lestrarhestar eru í 6. bekk og fengu þeir nemendur viðurkenningaskjöl fyrir að hafa tekið þátt í sumarlesturinum 2003. Vonandi halda þau, og allir nemendur Heiðarskóla, svona áfram.

Sumarlestur - yndislestur að sumri

Í upphafi þessa skólaárs hafa umsjónarkennarar verið að innheimta eyðublöð um sumarlestur sem nemendur fengu með sér heim sl. vor. Þetta var liður í því að nemendur læsu sem mest í frítíma sínum

Mjög mikilvægt er að nemendur haldi áfram að lesa yfir sumartímann til að halda við og efla lestrarfærni sína.

Nemendur sem skiluðu inn eyðublaðinu fengu viðurkenningarskjal sem hvatningu til að halda lestrinum áfram.

Góðir gestir í heimsókn

Mánudaginn 8. sept. heimsóttu góðir gestir Heiðarskóla. Þar voru á ferð nemendur frá Þórshöfn í Færeyjum. Nemendur í 10. bekk tóku á móti gestunum og áttu með þeim skemmtilega stund. Gestirnir sýndu færeyskan dans og sungu fyrir jafnaldra sína. Heimamenn og gestir hlýddu á frásögn á dönsku, sungu saman og spiluðu fótbolta.



Við viljum minna foreldra og nemendur á heimasíðu skólans er þar er hægt að nálgast margvíslegar upplýsingar um skólann og skólstarfið.

www.heidarskoli.is

Tónlistin ómar!

Margir úr Heiðarskóla í tónlistarnámi



Reynir Örn með gítarinn

Í vetur stunda 78 nemendur í Heiðarskóla nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Í Heiðarskóla er mjög góð aðstaða til tónlistarkennslu og nýtir Tónlistarskólinn þá aðstöðu fyrir sína nemendur fram eftir degi. Mjög gott er fyrir nemendur að geta stundað tónlistarnám nálægt sínu heimili en jafnframt er ánægjulegt fyrir Heiðarskóla sem leggur áherslu á listir og skapandi starf að geta veitt þessa aðstöðu.

Umferðin við Heiðarskóla

Nú eru liðlega fjórar vikur liðnar síðan skólastarf hófst. Óhætt er að segja að allt hafi gengið, eins og best verður á kosið. Við sem störfum í skólanum höfum tekið eftir því að



þeir foreldrar, sem hafa þurft að keyra börnin sín í skólann, eða sækja þau að skóladegi loknum, eru mjög duglegir að nota „hringtorgið“. Erum við mjög þakklát fyrir það.

Undanfarna morgna höfum við notið þjónustu lögreglunnar við eftirlit á mestu álagstímunum við skólann. Mun áframhald verða á þessari þjónustu og ber að fagna því. Er lögreglan mjög ánægð með það, hvernig umferðin hefur gengið, fyrir utan eitt atriði. Eitthvað hefur verið um að börn hafa verið í bílum með foreldrum sínum, án þess að vera spennt í öryggisbelti. Þessu verður að kippa í lag og ekki seinna en strax. Til stendur að breyta umferðarmerkingum við Heiðarbólið. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með er þær breytingar ganga í gegn og virða þær reglur sem settar eru.

Reiðhjólahjálmar



Í reglum skólans er kveðið á um að nemendum er leyfilegt að nota hjól og hjólabretti til að ferðast til og frá skóla ef þeir hafa náð tilskyldum aldri en þeir eru þá skyldugir að nota reiðhjólahjálma. Bannað er að nota þessi farartæki á skólalóðinni og við mælumst til þess að nemendur noti þau ekki í svartasta skammdeginu.

Við viljum hvetja foreldra til þess að sjá um að börn þeirra séu ekki á reiðhjólum eða hlaupahjólum án þess að nota hjálma.

Nemendaráð

Margir sóttu um að starfa í Nemendaráði Heiðarskóla veturinn 2003-2004 en eftirtaldir voru valdir til starfans: Friðrik 7. EE, Kristinn Ásgeir 7. ÞG, Bryndís Björk 7. EE, Anita Sigurbjörg 7. ÞG, Egill Liljar 8. SV, Guðlaug Anna 8. VG, Rósant 9. KÓ, Guðni Oddur 9. KÓ, Vigdís Eygló 10. SN, Erna Björk 10. SN, Sigurlaug Erla 10. SN og Helga Dagný 10. SN.



Á fyrsta fundi nemendaráðsins skipti ráðið þannig með sér verkum að Helga Dagný verður formaður nemendaráðs og Vigdís Eygló varaformaður. Ráðið mun síðan starfa að félagsmálum í Heiðarskóla með umsjónarmanni tómskundastarfs, Eysteini Eyjólfssyni.

Glerlist í Heiðarskóla



Síðast liðin tvö ár hefur verið boðið upp á glerlist sem val í 9. og 10. bekk. Hóparnir hafa verið fjölmennir og áhugi á þessari listgrein er mikill meðal nemenda. Verkefnavalið er fjölbreytt, allt frá litlum myndum úr steindu gleri að stórum mósaikverkum. Í vetur getum við aukið enn meira við verkefnavalið því nýr glerbrennsluofn hefur verið keyptur og möguleikarnir við glervinnsluna auknir til muna. Ofninn verður einnig nýttur fyrir verkefni yngri nemenda skólans.



Nemendur í 10. bekk vinna í gleri

Golfkylfur

Leynast ónotaðar, gamlar golfkylfur í bílskúrnum hjá þér? Endilega komdu þeim til okkar í Heiðarskóla, við ætlum að nýta þær í íþróttakennslunni hjá okkur.

Íþróttakennarar

Hlífðarföt

Gamlir bolir og skyrtur er vel þegin sem hlífðarföt í textíl og smíðar. Komið þeim endilega til okkar hingað í skólann.

Verkgreinakennarar

Starfsmenn Heiðarskóla, netföng og viðtalstímar

Kennarar:

Auður Harðardóttir
Auður H. Jónatansdóttir
Ásta Katrín Helgadóttir
Bryndís Guðmundsdóttir
Brynjar Harðarson
Eðvarð Þór Eðvarðsson
Elín Gunnarsdóttir
Eygló Pétursdóttir
Eysteinn Eyjólfsson
Gróa Björk Hjörleifsdóttir
Guðbjörg Pálmarsdóttir
Guðmundur E. Hermannsson
Gunnar Þór Jónsson
Halla Tómasdóttir
Hallfríður Benediktsdóttir
Hanna Lís Einarsdóttir
Helena Ósk Jónsdóttir
Ingibjörg Pálmadóttir
Kristinn Óskarsson
Kristín Gunnarsdóttir
Kristjana Pálsdóttir
Magnea Herborg Björnsdóttir
Margrét Jónsdóttir
María Óladóttir
María Júlíana Arnardóttir
María Kristín Óskarsdóttir
María Sigurðardóttir
Ólöf Jónsdóttir
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Róbertsdóttir
Sóley Halla Þórhallsdóttir
Steinunn Njálisdóttir
Svava Pétursdóttir
Sveindís Valdimarsdóttir
Vigdís Karlsdóttir
Vilhjálmur Gíslason
Þóra Guðrún Einarsdóttir
Þórey Garðarsdóttir

Bekkur:

3. AH
3. AJ
Deildarstjóri 1.-5.b
5. BG
Bókasafn
3. EE
Íþróttir
6. EP
7. EE
3. GH
1. GP
10. GH
Skólastjóri
5. HT
Textíl
4. HE
Íþróttir
2. IP
9. KÓ
5. KG
1. KP
Sérkennsla
Myndlist
4. MÓ
Sérkennsla
Smíðar
Sérkennsla
Heimilisfræði
2. SG
Deildarstjóri 6.-10.b
Aðstoðarskólastjóri
10. SN
9. SP
8. SV
Sérkennsla
8. VG
6. ÞE
7. ÞG

Netfang:

audur.hardardottir@heidarskoli.is
audur.jonatansdottir@heidarskoli.is
asta.k.helgadottir@heidarskoli.is
bryndis.gudmundsdottir@heidarskoli.is
brynjar.hardarson@heidarskoli.is
edvard.t.edvardsson@heidarskoli.is
elin.gunnarsdottir@heidarskoli.is
eyglo.petursdottir@heidarskoli.is
eysteinn.eyjolfsson@heidarskoli.is
groa.hjorleifsdottir@heidarskoli.is
gudbjorg.palmarsdottir@heidarskoli.is
gudmundur.hermannsson@heidarskoli.is
gunnar.jonsson@heidarskoli.is
halla.tomasdottir@heidarskoli.is
hallfridur.benediktsdottir@heidarskoli.is
hanna.l.einarsdottir@heidarskoli.is
helena.jonsdottir@heidarskoli.is
ingibjorg.palmadottir@heidarskoli.is
kristinn.oskarsson@heidarskoli.is
kristin.gunnarsdottir@heidarskoli.is
kristjana.palsdottir@heidarskoli.is
magnea.bjornsdottir@heidarskoli.is
margret.jonsdottir@heidarskoli.is
maria.oladottir@heidarskoli.is
maria.arnardottir@heidarskoli.is
maria.oskarsdottir@heidarskoli.is
maria.sigurdardottir@heidarskoli.is
olof.jonsdottir@heidarskoli.is
sigurbjorg.gudmundsdottir@heidarskoli.is
sigurbjorg.robertsdottir@heidarskoli.is
soley.h.thorhallsdottir@heidarskoli.is
steinunn.njalsdottir@heidarskoli.is
svava.petursdottir@heidarskoli.is
sveindis.valdimarsdottir@heidarskoli.is
vigdis.karlsdottir@heidarskoli.is
vilhjalmur.gislason@heidarskoli.is
thora.einarsdottir@heidarskoli.is
thorey.gardarsdottir@heidarskoli.is

Viðtalstími:

miðvikud. 12:00-12:40
fimmtud. 13:30-14:10
samkv. samkomulagi
mánud. 11:20-12:00
miðvikud. 11:20-12:00
miðvikud. 8:50-9:30
þriðjud. 12:40-13:20
fimmtud. 8:10-8:50
föstud. 8:50-9:30
fimmtud. 9:50-10:30
mánud. 8:50-9:30
þriðjud. 11:10-12:00
samkv. samkomulagi
þriðjud. 10:30-11:10
þriðjud. 12:00-12:40
þriðjud. 9:50-10:30
föstud. 10:30-11:10
fimmtud. 13:30-14:10
föstud. 9:50-10:30
mánud. 10:30-11:10
mánud. 13:20-14:00
mánud. 12:00-12:40
fimmtud. 13:20-14:00
mánud. 12:40-13:20
fimmtud. 12:40-13:20
mánud. 13:20-14:00
föstud. 8:50-9:30
mánud. 13:20-14:10
fimmtud. 13:30-14:10
samkv. samkomulagi
samkv. samkomulagi
mánud. 10:30-11:10
mánud. 14:10-14:50
föstud. 12:40-13:20
þriðjud. 13:20-14:00
miðvikud. 13:20-14:10
fimmtud. 8:10-8:50
miðvikud. 10:30-11:10

Annað starfsfólk:

Starf:

Alda Jónsdóttir
Auður Gunnarsdóttir
Dagfríður Arnardóttir
Drífa Guðmundsdóttir
Elín Kjartansdóttir
Guðlaug Bárðardóttir
Guðný Kristjánsdóttir
Hólmfríður Sigurðardóttir
Jakobína B. Jónsdóttir
Kolbrún Alexandersdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Margrét Vilmarsdóttir
Málfríður A. Danielsdóttir
Málfríður Waage
Thelma Sif Björnsdóttir
Þorbjörg R Óskarsdóttir
Þóra Aradóttir
Örn Bergsteinsson

Matráðskona
Stuðningsfulltrúi
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði
Starfsmaður á bókasafni
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði
Matráður
Stuðningsfulltrúi
Matráðskona
Skólaliði
Starfsmaður í gæslu
Skólaliði
Ritari
Matráðskona
Húsvörður

Netfang:

audur.gunnarsdottir@heidarskoli.is
dagfridur.arnardottir@heidarskoli.is
elin.kjartansdottir@heidarskoli.is
gudny.kristjansdottir@heidarskoli.is
holmfridur.sigurdardottir@heidarskoli.is
margret.sigurdardottir@heidarskoli.is
torbjorg.oskarsdottir@heidarskoli.is
orn.bergsteinsson@heidarskoli.is

Símanúmer skólans er
420 4500

Faxnúmer skólans
420 4509

Netfang skólans
heidarskoli@heidarskoli.is

Heimasíða
www.heidarskoli.is

Skrifstofa skólans er opin
alla virka daga
frá kl. 07.45 – 15.30.

Skólaritari er Þorbjörg R.
Óskarsdóttir.

Kennarar hafa fastan viðtalstíma á stundarskrá sem þeir nýta til að hafa samband heim og foreldrar geta nýtt til að hafa samband í skólann.

Viðhorfskönnun meðal foreldra í 1. bekk

Foreldrar í 1. bekk tóku þátt í viðhorfskönnun í byrjun skólaársins vegna skólabyrjunar hjá barninu þeirra. Spurt var um viðmótið í skólanum, viðtalstímann og hvort foreldrar hefðu haft nægileg tækifæri til að koma spurningum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Um 70% foreldra svöruðu könnuninni en hægt var að svara bæði í skólanum og heima á Internetinu.

Helstu niðurstöður voru þær að 93% fannst viðmótið í skólanum gott, 83% foreldra taldi að staðið hefði verið vel að skólabyrjun barnsins, viðtalstíminn stóðst hjá 90% foreldra og var máturega langt hjá 93% foreldra. 93% foreldra komu öllu því til skila sem þeir vildu og kennararnir í 1. bekk hlustuðu á sjónarmið foreldra í 100% tilfella. Allir fengu svör við þeim

spurningum sem þeir voru með og síðast en ekki síst leið öllum vel í viðtalinu. Mat á öllum þáttum skólastarfsins er hluti af sjálfsmati skólans og er mikill áhugi á að nýta Internetið til að gera fleiri kannanir á skólaárinu hjá nemendum, kennurum og foreldrum.



1. bekkur GP 2003-2004



1. bekkur KP 2003-2004

Nýsköpun í Heiðarskóla

Helgina 13.-14. september tóku tveir nemendur Heiðarskóla, þau Bjarni Reyur Guðmundsson og Elín Óla Klemenzdóttir sem bæði eru í 7. EE, þátt í vinnusmiðjum vegna Nýsköpunarkeppni Grunnskólanemenda 2003. Hugmyndir þeirra voru í hópi 52 sem komust áfram eftir yfirferð matsnefndar en 2000 hugmyndir bárust í keppnina.

Hugmyndasmiðum þessara hugmynda var boðið í vinnusmiðjur þar sem hugmyndirnar voru unnar áfram, gerð voru plaköt sem sett verða á sýningu, smíðuð líkön og jafnvel frumgerðir.

Verðlaunanevnd fer síðan yfir hugmyndirnar og fer verðlaunaafhending fram þann 5. október í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli við Vídalínskirkju, Garðabæ kl. 14.00. Níu hugmyndir fá verðlaun og

mun Forseti Íslands afhenda verðlaunin.

Eftir verðlaunaafhendinguna verða hugmyndirnar sem komust í vinnusmiðjurnar sýndar í Hönnunarsafninu, Lyngási 7-9 Garðabæ.

Mikil hefð er fyrir nýsköpunarvinnu í Heiðarskóla og hafa nemendur skólans valist til þátttöku í vinnusmiðjum á hverju hausti frá stofnun skólans. Vonandi munum við einnig eiga fulltrúa að ári en bráðlega hefjast hin vinsælu nýsköpunarnámskeið með Jóhanni Breiðfjörð en þau eru haldin árlega.



Bjarni Reyur Guðmundsson með útfærslu á hugmyndinni af pokahaldaranum.



Elín Óla Klemenzdóttir með sína hugmynd um pottastól.

Læsi til framtíðar

Markmið verkefnisins læsis til framtíðar er að efla lesskilning nemenda. Það er gert með þeim hætti að þeim eru kenndar tvær aðferðir sem þeir geta beitt við í vinnu sinni með texta. Þessar aðferðir eru hugtakakort og gagnvirkur lestur. Verkefnið er í tveimur þrepum, hvort um sig stendur í 10 vikur. Fyrri tímabilið með nemendum stendur frá september til nóvemberloka og hið síðara frá lokum janúar til aprílloka. Gagnvirki lesturinn hentar í öllum námsgreinum og er unnið með þann texta sem verið er að fjalla um í hverri námsgrein fyrir sig.

Áætlað er að 10 - 15 mín. fari í þessa vinnu a.m.k. þrisvar í viku.

Kennarar í Heiðarskóla hafa tileinkað sér þessa aðferð og vonir bundnar við að lesskilningur nemenda aukist.

Nemendur og foreldrar munið Orkuátak Latabæjar í október